



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/842*  
*komudagur 12.2.2009*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Dagsetning  
12. febrúar 2009

Tilvísun  
A-8  
GB/bb

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis dags. 11. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 280. mál.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu á gildandi lögum um Seðlabanka Íslands eru að lagt er til að bankastjórn hans verði lögð niður og þar með embætti þriggja bankastjóra sem sæti eiga í stjórninni. Í stað þriggja bankastjóra samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að forsætisráðherra skipi einn bankastjóra til sjö ára í senn. Aðeins er heimilt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum. Þá er í frumvarpinu lagt til að innan bankans starfi svonefnd peningastefnunefnd sem hafi það hlutverk að taka ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að seðlabankastjóri verði að hafa lokið meistaraprófi í hagfræði. Athugandi er hvort ekki er verið með þessu ákvæði að þrengja um of möguleika umsækjenda úr öðrum stéttum háskólamanna sem aflað hafa hliðstæðrar menntunar og hæfni á þeim sviðum sem Seðlabankinn starfar á.

Að öðru leyti og með hliðsjón af þeim skamma tíma sem veittur er til umsagnar gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

*Julius Árnason*

*Antoni Þórsson*